Ed. 845. Breytingartillögur [255. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Jónasi Árnasyni, Stefáni Valgeirssyni, Bjarna Guðnasyni,
Gylfa Þ. Gíslasyni og Hilmari Péturssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við 6. mgr. 5. gr. laganna bætist:
   Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó aldrei vera hærri en 7½%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessari málsgrein, telst vextir.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 1. ml. 2. mgr. 20. gr. laganna komi nýr ml., svo hljóðandi:
   Ráðherra getur þó ákveðið hærra framlag úr ríkissjóði vegna mjög fámenns þéttbýlisstaðar, enda framlengist þá greiðsluskylda hlutaðeigandi sveitarfélags skv. 1. mgr., þar til samanlögð framlög þess eru orðin jafnhá samanlögðu framlagi ríkissjóðs vegna sveitarfélagsins.
4. Við 5. gr. Niður falli síðari málsl. 2. mgr. („Jafnframt skipar“ o. s. frv.).